

1869.

11. febrúar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér auglýsið það, að stjórnarráðið veitir skotmannafélagi því, sem stofnað hefir verið í Reykjavík, 100 rd. til þess að kaupa „Minie“-bissur fyrir, með þeim skilmála, sem þér, herra stiptamtmaður, hafið vikið á, og skal því við bætt, að landfógetanum hefir í dag verið boðið að borga upphæð þessa af fé því, sem veitt er til óvissra útgjalda handa Íslandi.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um foringja fyrir dönskum herskipum, er hafa stöðvar við Ísland.

11. febrúar.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi árið 1867 hafið sent hingað bænarskrá frá þinginu um fiskiveiðar útlendra manna við strendur Íslands, hafið þér í álitsskjali yðar um tæða bænarskrá, dagsettu 26. septembermán. 1867, álitid tilefni til að vekja athygli á því, að það mundi vera mjög svo æskilegt, að fyrir herskip það, sem þér treystið að sent verði á ári hverju til Íslands vegna þess, hversu árið-andi það er, að danskt herskip hafi stöðvar við Ísland, að því er snertir umsjón með yfirgangi útlendra fiskimanna, verði settur sami yfirforingi og sami annar foringi fleiri ár samfleytt, því að, þegar þeir fyrsta árið eru búnir að koma við á ýmsum fjörðum í landinu og hafa kynnt embættismönnum og vel metnum mönnum á hinum viðáttumiklu ströndum landsins, þá mundu þeir hin árin á eptir verða miklu færari um, að hafa umsjón með fiskimönnum kringum landið.

Nú er dómsmálastjórnin hafir farið þess á leit við sjóliðsstjórnina, að hún framvegis, þegar hún skipar yfirforingja og annan foringja yfir herskipi því, sem hefir stöðvar við Ísland, taki þessa ósk yðar, herra stiptamtmaður, til greina, eins og verða má, þá hefir sjóliðsstjórnin að einu leytinu lýst yfir, að hún kannist við, að það sé mjög svo æskilegt, að sent verði á

1869.

11. febrúar. hverju ári herskip til Íslands til þess að hafa stöðvar þar, og að hún fyrir þá sök muni fara þess á leit, að veitt verði fê til þessa í upphæð þeirri, sem ætluð er á ári hverju til skipabúnaðar, en hins vegar hefir sjóliðsstjórnin skýrt frá, að þar sem þér æskið þess, að sami yfirforingi og annar foringi verði settur yfir herskipið, sem fer til Íslands, fleiri ár samfleytt, þá sjái hún sér því miður ekki fært að verða við þessari ósk yðar, því að æfing sú, sem yfirmönnum í sjóliðinu verður látin í tæ á ári hverju, sè af svo skorum skamti, að stjórnarráðið, sèr í lagi þar sem kapteinarnir eiga í hlut, geti ekki skipað sama manninn í sömu yfirforingjastöðu mörg ár samfleytt, án þess að skerða réttindi hinna yfirmannanna.

Þetta álitum vèr oss skylt að tilkynna yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, og skal því um leið við bætt, að um niðurlagsatriðin í ofan nefndri bænarskrá eru byrjaðir samningar við stjórnir þær, sem í hlut eiga.

23. febrúar.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um kostnað nokkurra hreppa í Eyjafjarðarsýslu til að sækja kornvestur á Hofsós.

Með bréfi dagsettu 11. nóvembermán. f. á. hafð þér, herra amtmaður, sent hingað eptirrit og útleggingu af bænarskrá með fylgiskjölum frá síra Arnljóti Ólafssyni og Páli hreppstjóra Magnússyni, þar sem þeir í umboði 6 hreppa í Eyjafjarðarsýslu sækja um, fyrst og fremst, að hlutast verði til um, að tæðir hreppir fái endurgoldinn hjá Guðmann og Hoepfner, kaupmönnum, kostnað þann, 503 rd. 32 sk. að upphæð, sem gekk til að láta sækja 135 tunnur af kornmat þeim, sem að tilhlutun stjórnarráðsins var sendur haustið 1867 til Hofsóss, með því að greindir kaupmenn yirðist hafa komið því til leiðar með að líkindum ósönnnum skýrslum um aðflutninga af korni til Akureyrar, að stjórnarráðið var ófánlegt til að senda 300